

EUROPEAN QUILT ASSOCIATION

EQA áskorun 2023

Flower Power Máttur blómanna

Tilgangur EQA er að kynna bútasauð í Evrópu, milli landa, þvert á landamæri, tungumál og hefðir.


Þessi áskorun opnar okkur leið til að tala saman með bútasauð og list okkar, hvert við annað, í gegnum fésbókina eða aðra miðla.

Það kannast allir við tímabilið sem kallað var “Flower Power” á sjötta áratugnum. Sú áskorun sem nú er blásið til á að snúast um svo margt annað og stærra. Hér er kallað eftir hugmyndum þínum um það hvað blóm gefa þér og hvar þín túlkun liggur, t.d. í tilfinningu, frið, sýna samhug eða hvað annað sem þér dettur í hug við að hugsa um “Mátt blómanna”.

Við hlökkum mikið til að sjá fjölbreytileikann í túlkunum á sýningunni í Birmingham 2023.

Reglur

1. Þátttöku skal tilkynna til Íslenska bútasauðsfélagsins fyrir 31. Janúar 2023 með útfylltu meðfylgjandi eyðublaði sem sendist á formadur@butasauður.is. Verki þarf að skila fyrir 31. maí 2023.
2. Verkið skal vera kringlótt og stærðin á að vera 25 - 40 cm í þvermál.
3. Framhlið og bak: EKKI skal vera með vasa aftaná fyrir upphengi. Merkja skal verkið að aftan með með nafni listamanns, nafni verks og landi
4. Binding skal vera í samræmi við stíl verksins og passa uppá að fara ekki yfir 40 cm ummál með bindingu.
5. Hverskonar tækni og stíll er leyfður. Þó skal bent á að hafa ekki þunga hluti í verkinu sem þyngja að óþörfu eða að það sé sérstaklega viðkvæmt fyrir skemmdum. Verkið mun ferðast á milli landa í Evrópu og verður sýnt og á mörgum stöðum.
6. Öll verkin sem berast verða sýnd á Festival of Quilts í Birmingham 3.-6. ágúst 2023.
7. Allir félagar í Íslenska bútasauðsfélaginu geta tekið þátt og er þátttaka gjaldfrjáls. Verkin verða ekki til sölu.
8. Ekki má birta endanlega mynd af verkinu á samfélagsmiðlum fyrir sýninguna í Birmingham. Leyfilegt verður að birta sýnishorn af verkinu og hugmyndavinnunni á lokaðri fésbókarsíðu sem allir þátttakendur í samkeppninni fá aðgang að við skráningu. EQA hefur leyfi til að nota mynd af verkinu í auglýsingaskyni.
9. Fólk af öllum getustigum er velkomið í að taka þátt, hvort sem um er að ræða nýgræðinga í bútasauð eða reynslubolta. Viðurkenningin sem færst með þátttökunni er reynslan við að sýna verks sín og einnig kynnast öðrum Evrópskum bútasauðum sem þátt taka.



EQA áskorun 2023

“Máttur blómanna”

Páttökuform

Nafn

Sími

Heimilisfang

Netfang:

Nafn á verkinu á Íslensku:

Nafn á verkinu á ensku:

Ég hef lesið reglurnar og samþykki þær

Undirskrift Dags:

Senda skal þáttökutilkynninguna fyrir 31. Janúar 2023 á formadur@butasaumur.is

Mynd af tilbúnu verki skal senda á formadur@butasaumur.is fyrir 31. maí 2023.

Nota má myndir af þínu verki í auglýsingar eða tilkynningar.

Verkið þarf að afhenda fyrir 15. júní 2023. Nánari upplýsingar um afhendingarstað síðar.

F.h. Íslenska bútaumsfélagsins
Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir, formaður
Sigrún Sveinbjörnsdóttir, EQA fulltrúi Íslands